

SKIPULAGSSKRÁ

Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum.

1. gr.

Heiti.

Fjölsmiðjan á Suðurnesjum (hér eftir nefnd Fjölsmiðjan) er sjálfseignarstofnun, með sérstaka stjórn, sem starfrækir verkþjálfunar- og námssetur. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjanesbæ.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

2. gr.

Stofnendur.

Stofnendur Fjölsmiðjunnar eru Rauði kross Íslands, kt. 530269-2649, Suðurnesjadeild Rauða kross Íslands, kt. 620780-0659, Reykjanesbær, kt. 470794-2169, Vinnumálastofnun, kt. 700594-2039, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, kt. 680269-5729, Verslunarmannafélag Suðurnesja, kt. 690269-0669 og Félag iðn- og tæknigreina í Reykjanesbæ, kt. 410503-2040, sem því til staðfestu undirrita skipulagsskrá þessa.

3. gr.

Stofnfé.

Stofnfé Fjölsmiðjunnar er kr. 36.000.000 sem stofnendur hafa skuldbundið sig til að leggja fram. Þar af eru kr. 2.000.000 óskerðanlegt stofnfé að raungildi.

Stofnfé skiptist með eftirfarandi hætti: Rauði kross Íslands leggur fram kr. 15.000.000, Reykjanesbær leggur fram kr. 10.000.000, Vinnumálastofnun leggur fram kr. 10.000.000, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis leggur fram kr. 600.000, Verslunarmannafélag Suðurnesja leggur fram kr. 200.000 og Félag iðn- og tæknigreina kr. 200.000.

Eigi má fara með eigur stofnunarinnar eða ráðstafa þeim á annan hátt en þann er samrýmist markmiðum hennar eða stuðlar að framgangi þeirra.

Ávaxta skal stofnfé með sem tryggasta móti og leitast skal við að það beri ávallt hagkvæmstu vexti.

4. gr.

Markmið.

Markmið Fjölsmiðjunnar er að:

Hjálpa ungu fólki á aldrinum 16-24 ára að finna sitt áhugasvið, öðlast starfsreynslu og þar með auka möguleika þess í atvinnulífinu eða í námi.

Gefa kost á hagnýtri vinnu, framleiðslu og fræðilegri þjálfun. Fagleg verkþjálfun skal vera ríkur þáttur í starfseminni og tengjast hinni hagnýtu vinnu og auka félagshæfni og vinnufærni ungs fólks.

Efla sjálfstraust hjá ungu fólki til að það sé betur í stakk búið að takast á við margbreytileg verkefni lífsins.

Auka lífsgæði ungs fólks.

Þátttaka í Fjölsmiðjunni verði hvatning að frekara námi.

Þátttakendur læri reglur vinnumarkaðarins, hvaða réttindi þeim ber og hvaða skyldur þeir bera.

Mikilvægt er að ungt fólk átti sig á reglum vinnumarkaðarins og þeim möguleikum sem því hafa oft á tíðum verið huldur. Með þátttöku í Fjölsmiðjunni munu þátttakendur eiga auðveldara með að átta sig á styrkleikum sínum og veikleikum og geta tekist á við ný störf eða nám í framtíðinni með auknum metnaði og sterkari sjálfsmynd.

5. gr.

Stjórn.

Stjórn Fjölsmiðjunnar er skipuð sex fulltrúum til tveggja ára í senn og sex til vara. Aðal- og varamenn í stjórn eru tilnefndir af stofnaðilum. Rauði kross Íslands tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara; Suðurnesjadeild Rauða kross Íslands tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara; Reykjanesbær tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara; Vinnumálastofnun tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara; menntamálaráðuneytið tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara.

Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir að hún er skipuð. Stofnaðilar skipta með sér formennsku þannig að hver þeirra getur aðeins setið sem slíkur í tvö ár samféllt.

Hætti stjórnarmaður í stjórn af einhverjum ástæðum velur sá aðili sem hann tilnefndi annan í hans stað til stjórnarsetu frá og með næsta stjórnarfundi.

Einfaldur meirihluti atkvæða gildir á stjórnarfundum. Ef atkvæði falla jöfn hefur atkvæði formanns tvöfalt vægi.

Forstöðumaður Fjölsmiðjunnar situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt.

6. gr.

Hlutverk stjórnar.

Stjórn Fjölsmiðjunnar fer með æðsta vald stofnunarinnar. Henni ber að vinna að markmiðum stofnunarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ber ábyrgð á og hefur eftirlit með rekstri, fjárhag og eignum stofnunarinnar. Stjórnin mótar stefnu og starfstilhögun stofnunarinnar. Sérstök áhersla skal lögð á mat á árangri.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda með tryggilegum hætti með a.m.k. einnar viku fyrirvara nema óviðráðanlegar aðstæður krefjist annars. Formanni stjórnar er skylt að boða fund ef a.m.k. tveir stjórnarmenn krefjast þess. Stjórn skal miða við að funda a.m.k. mánaðarlega, en þó er heimilt að sleppa fundum í júlí og ágúst.

Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef málefnið varðar hann persónulega.

7. gr.

Ársfundur.

Stjórn heldur ársfund eigi síðar en í apríllok ár hvert. Þar skal stjórnin gera grein fyrir störfum sínum og leggja fram endurskoðaða ársreikninga til samþykktar. Þar skal einnig kosning löggilts endurskoðanda og stjórnarfulltrúa fara fram.

Á ársfundi gildir einfaldur meirihluti atkvæða nema varðandi breytingar á skipulagsskrá sbr. 11. gr. Hver fulltrúi stofnaðila hefur eitt atkvæði.

Ársfund skal boða skriflega með viku fyrirvara. Ef fram koma tillögur um breytingar á skipulagsskrá Fjölsmiðjunnar skal þess getið sérstaklega í fundarboði.

8. gr.

Forstöðumaður.

Stjórn Fjölsmiðjunnar ræður forstöðumann og setur honum erindisbréf. Forstöðumaðurinn ber ábyrgð gagnvart stjórn stofnunarinnar. Hann annast daglegan rekstur, ræður starfsfólk stofnunarinnar, vinnur að fjáröflun, aflar nýrra verkefna, annast reikningsskil og framkvæmir ákvarðanir stjórnarinnar. Forstöðumaður undirbýr fjárhagsáætlun næsta starfsárs, sem skal lögð fyrir stjórnina í nóvember ár hvert.

9. gr.

Reikningsár.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Forstöðumaður fer með stjórn fjármála Fjölsmiðjunnar í umboði stjórnar. Fyrsta reikningstímabilið er frá stofnun til næstu áramóta. Forstöðumanni er óheimilt að stofna til útgjalda eða skuldbindinga umfram heimild stjórnar. Forstöðumaður skal fyrir 1. mars ár hvert leggja fram skýrslu um starfsemi síðasta árs og endurskoðaðan ársreikning liðins árs fyrir stjórn til afgreiðslu. Hann skal sjá um að ársreikningur berist Ríkisendurskoðun með tilskildum hætti ár hvert.

Reikningar Fjölsmiðjunnar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

10. gr.

Samstarf við aðra.

Til þess að Fjölsmiðjan geti náð megintilgangi sínum er stjórninni heimilt fyrir hönd stofnunarinnar að eiga samstarf við aðra og gerast í því skyni aðili að samstarfssamningi um lengri eða skemmri tíma.

11. gr.

Breytingar á skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt ef 2/3 hlutar fulltrúa á ársfundi samþykkja slíkar breytingar enda sé fundur lögmætur og tillaga um slíkt hafi verið kynnt sérstaklega í fundarboði.

Starfsemi Fjölsmiðjunnar verður slitið með ákvörðun 2/3 hluta fulltrúa á ársfundi. Verði stofnunin lögð niður skal eignum hennar ráðstafað með tilliti til markmiða skv. 4. gr. og ákvörðun ársfundar.

12. gr.

Lagaheimild.

Fjölsmiðjan starfar skv. lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

13. gr.

Staðfesting.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari, sem og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 16. febrúar 2011.

Ríkarður Másson.

Björn Ingi Óskarsson.